

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 108/2020

frá 14. júlí 2020

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/697 frá 25. maí 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/352 um að heimila hafnarstjórn eða lögbæru yfirvaldi möguleika á sveigjanleika að því er varðar álagningu hafnargrunnvirkjagjalda í tengslum við uppkomu COVID-19 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 56z (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/352) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 R 0697**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/697 frá 25. maí 2020 (Stjtíð. ESB L 165, 27.5.2020, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/697 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júlí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2019 frá 8. maí 2019 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 165, 27.5.2020, bls. 7.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júlí 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauri

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING